

Lög Samfylkingarfélagsins á Akureyri

1. gr.

Nafn félagsins

Félagið heitir Samfylkingin á Akureyri. Heimili félagsins og varnarþing er í sveitarfélaginu Akureyri. Félagið er aðili að Samfylkingunni á landsvísu.

Félagssvæðið er sveitarfélagið Akureyri og nágrenni.

2. gr.

Tilgangur

Tilgangur félagsins er að vera vettvangur jafnaðar- og félagshyggjufólks til umræðna og ályktana um þjóðmál og bæjarmál í sveitarfélaginu Akureyri og nágrenni.

Félagið starfar í samræmi við stefnuskrá Samfylkingarinnar og samkvæmt samþykktum flokksstjórnarfunda og landsfunda.

3. gr.

Markmið

Hlutverk aðildarfélags er meðal annars;

- að breiða út grunnhugmyndir jafnaðarmanna og stefnu Samfylkingarinnar,
- að vinna að stefnumótun í sveitarstjórnarmálum fyrir starfssvæði félagsins,
- að standa fyrir umræðum um lands- og bæjarmál, og leitast við að efla áhuga og auka vilja bæjarbúa til þátttöku í stjórnmalastarfi á vegum Samfylkingarinnar
- að veita félögum fræðslu og þjálfun í hugmyndafræði jafnaðarmanna og starfsemi flokksins,
- að auka gildi flokksaðildarinnar með nánun samstarfi og samráði við flokksmenn,
- að bera ábyrgð á framboði til sveitarstjórnarkosninga, meirihlutamyndun og nánun samráði félagsmanna og kjörinna fulltrúa,
- að vera bakhjarl og samráðsvettvangur kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnun, nefndum og ráðum,
- að styðja framboð Samfylkingarinnar til Alþingis.
- að kjósa fulltrúa frá starfssvæði sínu á landsfund Samfylkingarinnar og í kjördæmis – eða fulltrúaráð,
- að taka til umræðu og láta í ljós álit sitt á framkomnum tillögum fyrir flokksstjórnar- og landsfundi.

4. gr.

Félagsaðild

Rétt til aðildar eiga íbúar með lögheimili í sveitarfélaginu Akureyri og Eyjafjarðarsveit, sem náð hafa 18 ára aldri og skuldbinda sig til að hlíta lögum félagsins. Um félagsaðild fer að öðru leyti eftir lögum Samfylkingarinnar á landsvísu og reglum hennar um félagaskrá.

Skriflegri umsókn um inngöngu eða úrsögn má beina til félagsins eða aðalskrifstofu Samfylkingarinnar sem sendir tilkynningu til félagsins.

Enginn getur verið fullgildur félagi nema í einu aðildarfélagi. Félögum er skylt að hlíta lögum félagsins og fundarsamþykktum.

5. gr.

Réttindi félagsmanna

Réttindi félagsmanna í aðildarfélögum eru:

- greiða atkvæði á félagsfundum, við val fulltrúa á landsfund, á framboðslista, til kjördæmisráðs eða fulltrúaráðs og í almennri atkvæðagreiðslu í flokknum ásamt því að bera upp tillögur á félagsfundi,
- bjóða sig fram til trúnaðarstarfa innan félagsins og flokksins,
- taka þátt í stefnumótun flokksins og fræðslustarfi á vegum hans,

Skyldur félagsmanna í aðildarfélögum eru:

- samþykkja grunnhugmyndir flokksins eins og þær koma fram í stefnu og lögum hans,
- vinna að stefnumálum flokksins af heilindum, vera reiðubúnir til þátttöku í starfi flokksins og valda flokknum eða starfsemi hans ekki skaða,
- greiða árgjald í þeim félögum þar sem það er skilyrði aðildar.

6. gr.

Stjórnarkjör

Stjórn félagsins skal skipuð fimm fulltrúum og tveimur til vara. Skal hún kjörin á aðalfundi til eins árs í senn.

Formaður skal kjörinn sérstakri kosningu en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund og velur úr sínum hópi varaformann, gjaldkera, ritara og meðstjórnendur.

Við stjórnarkjör skal hvort kyn eiga rétt til minnst tveggja stjórnarmanna.

Á aðalfundi skal ár hvert einnig kjósa tvo skoðunarmenn reikninga, karl og konu og einn til vara.

Stjórn félagsins gerir tillögu að þriggja manna kjörstjórn í upphafi aðalfundar. Kjörtímabil kjörstjórnar er á milli aðalfunda. Hlutverk hennar er að sjá um framkvæmd kosningar stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna reikninga í samráði við fundarstjóra sem og kosning í starfsnefndir á félagsfundi að hausti. Kjörstjórnin hefur úrskurðarvald um allt sem varðar þessar kosningar. Framboðum til stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna skal skila til formanns kjörstjórnar a.m.k. einum sólarhring fyrir boðaðan aðalfund. Kjörstjórn tilkynnir um framboð þegar fresturinn er útrunninn þó aldrei með minni fyrirvara en a.m.k. einum sólarhring fyrir boðaðan aðalfund.

7. gr.

Stjórnarfundir

Formaður félagsins boðar stjórnarfundum og stjórnarfundum þess. Stjórn heldur fundum að jafnaði einu sinni í mánuði og oftast ef þurfa þykir. Skyld er að halda fundum ef tveir stjórnarmenn óska þess.

Formaður boðar stjórnarfundum með minnst sólarhrings fyrirvara og telst stjórnarfundur lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna er viðstaddur. Varastjórn skal jafnan boðuð á stjórnarfundum og hafa varamenn þar málfrelsi og tillögurétt en ekki atkvæðisrétt.

Stjórn annarra aðildarfélaganna Samfylkingarinnar í sveitarfélaginu tilnefni hvert sinn fulltrúa sem seturétt eigi á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt.

Ritari stjórnar skal sjá til þess að fundargerðir séu skipulega færðar og viðstaddir stjórnarmenn kvitta fyrir samþykktum hvers fundar í sérstaka fundargerðarbók.

8. gr.

Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðsta vald í félaginu. Aðalfundur félagsins skal halda eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Stjórn félagsins undirbýr og boðar aðalfund. Fundinn skal boða bréflaga eða með netpósti með minnst 7 daga fyrirvara. Sé fundurinn boðaður með netpósti, skal hann boðaður bréflaga eða auglýstur í fjölmiðlum þeim félögum sem ekkert netfang hafa. Skulu fundargögn þ.m.t. reikningar félagsins liggja fyrir a.m.k. sólarhring fyrir aðalfund.

Á aðalfundi skulu mál tekin til umræðu og afgreidd í eftirfarandi röð:

Ákvörðun um starfsmenn fundarins
Skýrsla stjórnar,
Ársreikningar félagsins fyrir næstliðið ár lagðir fram
Umræður um skýrslu stjórnar og afgreiðsla ársreiknings,
Lagabreytingar
Kosning formanns,
Kosning annarra stjórnarmanna,
Kosning tveggja skoðunarmanna og eins til vara
Kosning kjörstjórnar til eins árs
Ákvörðun um árgjald félagsins
Önnur mál.

Heimilt er að leita afbrigða og taka mál á dagskrá ef 2/3 viðstaddra atkvæðisbærra félaga samþykkja.

Eina umræðu þarf til afgreiðslu mála. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti greiddra atkvæða úrslitum máls nema öðruvísi sé ákveðið í lögum. Verði atkvæði jöfn með máli og móti, fellur það.

9. gr.

Félagsfundir

Stjórnin boðar til almennra félagsfunda. Halda skal a.m.k. einn fund að vori og einn að hausti. Félagfundir skulu haldnir að öðru leyti eftir þörfum eða þegar a.m.k. 10 félagsmenn óska þess skriflega að fundur verði haldinn. Almennir félagsfundir eru lögmætir ef boðað er til þeirra á tryggilegan hátt með minnst þriggja daga fyrirvara.

Fundinn skal boða bréflaga eða með netpósti. Sé fundurinn boðaður með netpósti, skal hann boðaður bréflaga eða auglýstur í fjölmiðlum þeim félögum sem ekkert netfang hafa.

Félagsfundir fara með æðsta vald félagsins á milli aðalfunda.

10. gr.

Bæjarmálfundir

Á starfstíma bæjarstjórnar skal stjórn félagsins tryggja að boðað verði til reglulegra bæjarmálfunda með bæjarfulltrúum og nefndafulltrúum fyrir hvern bæjarstjórnarfund. Stjórn félagsins skal setja reglugerð um bæjarmálaráð og starfsemi þess og þarf að staðfesta reglugerðina á félagsfundi. Með sama hætti er stjórn heimilt að setja reglugerðir um aðra starfsemi félagsins.

11. gr.

Kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar og stjórn Samfylkingarinnar á Akureyri skulu í sameiningu leggja fram tillögu til félagsfundar um meirihlutamyndun og verkaskiptingu við stjórn sveitarfélagsins.

12. gr.

Fjármál félagsins

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Meirihluti stjórnar skuldbindur félagið með bókaðri ákvörðun á stjórnarfundum. Gjaldkeri er prókúruhafi á reikninga félagsins og skal hann samþykka alla reikninga og önnur útgjöld félagsins áður en greiðsla fer fram. Samþykki gjaldkeri ekki ráðstöfun stjórnar á fjármunum félagsins skal þegar í stað boða til félagsfundar og ákvörðun stjórnar borin undir hann.

Hver nýkjörin stjórn gerir starfsáætlun fyrir komandi starfsár félagsins, þar með talin fjárhagsáætlun um fyrirhugaðan rekstur þess og tilnefni í þriggja manna kynningarnefnd sem skal hafa umsjón með kynningarstarfi og reglulegri útgáfu félagsins. Áætlanir þessar skulu taka mið af samþykktum aðalfundar og vera kynntar og staðfestar á félagsfundum að hausti.

Árgjald félagsins skal ákvarðað á aðalfundi. Félögum sem náð hafa 67 ára aldri og öryrkjum er ekki skylt að greiða árgjald. Stjórn félagsins tekur ákvarðanir um aðrar leiðir félagsins til tekjuöflunar.

Félagsmönnum Samfylkingarinnar er að jafnaði óheimilt að gangast við sjálfsskuldarábyrgðum fyrir félagið.

Skuldbindingar vegna kosninga skal greiða innan þess kjörtímabils sem kosið er til. Skuldbindingum skal haldið innan þeirra marka sem raunhæft er að greiða á kjörtímabilinu.

13. gr.

Samfylkingin á Akureyri hefur rétt til að skjóta öllum ágreiningsmálum sem rísa kunna í félaginu og varða starfsemi þess og lög til framkvæmdastjórnar. Úrskurður framkvæmdarstjórnar er bindandi fyrir báða eða alla aðila en vísa má þeim úrskurði til flokksstjórnar og er hann ekki bindandi fyrr en flokkstjórn hefur afgreitt hann.

14. gr.

Félaginu er skylt að láta fram fara kosningu atkvæðisbærra fulltrúa á landsfund úr hópi félaga sinna. samkvæmt reglum og samþykktum hverju sinni. Stjórn félagsins er heimilt að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu við kosningar til landsfundar. Enginn félagi getur neytt atkvæðisréttar við fulltrúakjör til landsfundar nema í einu aðildarfélagi og þá einungis þar sem hann er fullgildur félagi.

Félagið kys einnig fulltrúa í aðrar trúnaðarstöður samkvæmt reglum og samþykktum hverju sinni.

15. gr.

Lögum þessum má einungis breyta á aðalfundi og þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða til að lagabreyting nái fram að ganga.

Tillögur að lagabreytingum skulu berast stjórn félagsins a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund og skulu fylgja aðalfundarboði eða auglýstar sérstaklega þar sem félagsmenn geta nálgast þær með auðveldum hætti.

16. gr.

Óheimilt er að eiga viðskipti með fasteignir félagsins nema með samþykki félagsfundar og skulu viðskiptin kynnt í fundarboði. Til að viðskipti geti átt sér stað þarf minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða.

Stjórn skal leggja ákvörðun um veðsetningu eigna fyrir félagsfund með sama hætti.

17. gr.

Slit á félaginu

Tillaga um slit félagsins eða úrsögn úr Samfylkingunni á landsvísu skal einungis tekin til afgreiðslu sé hún borin fram skriflega af ¼ félagsmanna hið minnsta. Hljóti tillagan samþykki tveggja félagsfunda sem haldnir eru með tveggja vikna millibili skal fara fram um hana allsherjaratkvæðagreiðsla og þarf þá 2/3 greiddra atkvæða til að tillagan sé samþykkt.

Eignir félagsins umfram skuldir skulu við félagsslit renna til Samfylkingarinnar á landsvísu.

Lög Samfylkingarinnar á Akureyri voru fyrst samþykkt á fundi 15/8 2001.

Lagabreytingar voru samþykktar á aðalfundi Samfylkingarinnar á Akureyri þann 4. mars 2010, 15. mars 2012 og 21. mars 2016.